



Viðtalstími sveitarstjórnar

Næsti viðtalstími sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 24. feb. kl. 17.00 – 18.00. Að þessu sinni verða Anna Karen Úlfarsdóttir og Halldór Jóhannesson til viðtals.

Gámaplanið

Undanfarið hefur borið talsvert á því að flokkun gámaplansins á Svalbarðseyri hafi hrakað. Þeir sem þangað koma hafa ekki verið að setja rétta flokka í viðkomandi gáma. Íbúar eru eindregið hvattir til þess að setja eingöngu í gámana það hráefni sem merkingar þeirra segja til um. Röng flokkun kallar á aukin kostnað sveitarfélagsins vegna sorphirðu.

Starfsauglýsing

Álfaborg/Valsárskóli óskar eftir ófaglærðum starfsmanni nokkra daga í mánuði í forföll í leik- og grunnskóla. Starfsmaðurinn þarf að vera jákvæður og sveigjanlegur og tilbúinn í skemmtilegar áskoranir með frábæru starfsfólki og börnum.

Tilvalið fyrir heimavinnandi einstaklinga sem geta komist auðveldlega frá.

Upplýsingar hjá skólastjóra í síma 8595005 eða inga.sigrun@svalbardsstrond.is (líka hægt að hafa samband á facebook eða koma í skólann).

Næstu rusladagar

- 18. febrúar - Endurvinnsla
- 25. febrúar - Almennit sorp
- 10. mars - Almennit sorp

Æskulýðsmót í Valsárskóla

Helgina 19.-21. febrúar verður æskulýðsmót haldið í Valsárskóla Svalbarðs-
strönd. Það er á vegum Æskulýðssambands Eyjafjarðar og er fyrir ungmenni í
8., 9. og 10. bekk. Þarna eru sem sagt saman komnir tóningar af Norðurlandi
og Austurlandi. Fróðleikur og skemmtun.

Við munum ræða andlega líðan ungs fólks og samskipti og Hjalti Jónsson
sálfræðingur og músikant mun t.a.m. aðstoða okkur við það. Þá verða smiðjur
til að efla hæfileika og talandi um hæfileika verður haldin svokölluð HÆNA
(hæfileikakeppni Norður-og Austurlands).

Unglingar í 8. bekk hafa þegar fengið bækling/upplýsingar gegnum fermingar-
fræðsluna og unga fólkið í 9. og 10. bekk fékk jafnframt heim með sér
bækling úr skólanum. Bolli Pétur Bollason og Sunna Dóra Möller stýra þessu
móti en margir leiðtogar koma að verkefninu.

Ef það er unglingur á þínu heimili og hann sýnir þessu áhuga þá er sannarlega
velkomið að hafa samband við Bolli Pétur Bollason netfang:
bolli.petur.bollason@gmail.com. Þetta verður fjör!!

Frá Leiðtogasamfélaginu Álfaborg/Valsárskóla

Hvað er þetta leiðtogasamfélag? Engir kennarar? Bara leiðtogar? Engin
kennsla? Bara hopp og hí allan daginn?

Er það von að fólk spyrji? Ekki nema eðlilegt að svona hugmyndir fái sinn
tíma á þorablóti sveitarinnar.

En í rauninni er Leiðtogasamfélagið bara venjulegur skóli. Með því að kalla
skólann leiðtogasamfélag er verið að leggja áherslu á að við kennum
krökkunum að vera leiðtogar í sínu eigin lífi – að vera sjálfstæðir og þora að
koma á breytingum ef þeim finnst ástæða til.

Við kennum krökkunum að hafa frumkvæði í námi og leik, við kennum þeim
að það skiptir máli að segja frá skoðunum sínum, það skiptir máli að kunna
að rökstyðja skoðanir sínar. Það skiptir máli að þora að vera öðruvísi en aðrir,
jafnvel standa með óvinsælum hugmyndum sem þau hafa sannfæringu fyrir.

Við kennum þeim leiðir til að fá aðra með sér í stærri verkefni, kennum þeim að gagnrýna hegðun annarra á jákvæðan hátt og láta vita ef aðrir virða ekki þeirra persónulegu mörk.

Við kennum þeim að aðrir hafa sama rétt á skoðunum og við kennum þeim að stundum lærum við heilmikið af því að kynna okkur skoðanir og málefni sem í fljótu bragði virðast alveg út í hött.

Leiðtogasamfélagið er því uppeldisstefna sem reynir að gera einstaklinga sterka, virka og ánægða.

Í Valsárskóla tökum við eina klukkustund á viku til að vinna sérstaklega að þessum markmiðum, í Álfaborg notum við 20 mínútur. Álfaborg tekur þátt í Skólalþingi í Valsárskóla þar sem kennarar og nemendur ræða hugmyndir um hvað betur má fara í skólanum. Í seinni hluta tímans hafa nemendur í Valsárskóla leiðtogasmiðjur. Þá kenna nemendur öðrum nemendum eitthvað sem þeir eru góðir í og hjálfa sig þannig í leiðtogahlutverkum. Í vetur hafa nemendur kennt öðrum nemendum dans, söng, leiklist, málningu, sauma, tölvuleiki, sögugerð, ljóðagerð, útileiki, parkour, fótbolta og ótal margt annað.

Þessar áherslur eru ekkert einsdæmi en að mínu mati algerlega nauðsynlegar fyrir einstaklinga í nútímasamfélagi.

Innleiðing á grunnpáttum, breytingar á námsgreinum og áherslum í námi eru ekki vegna Leiðtogasamfélagsins heldur vegna nýrrar Aðalnámskrár sem kom út 2011. Það er allt önnur umræða.

En annars erum við öll yfirleitt glöð og ánægð í Álfaborg/Valsárskóla. Við erum með frábæra nemendur sem eru í stöðugum framförum hvort sem er í átt til leiðtogahegðunar eða bara í almennu námi.

Að lokum sendum við ykkur öllum bestu kveðjur með innilegu þakklæti fyrir heimsóknirnar og stuðninginn í vetur (Ég fullyrði samt að við verðum þó öll glöð þegar sumarfríð nálgast, eftir dálítið erfiðan vetur ☺)

Með bestu kveðju úr skólanum

Inga Sigrún Atladóttir Skólastjóri Álfaborgar/Valsárskóla

Sunnudagaskóli í Svalbarðskirkju

Sunnudagaskóli verður í Svalbarðskirkju sunnudaginn 28. febrúar kl. 11.00. Söngur, biblíusaga, brúður, límmynd, djús og dund.

„Ég í sunnudagaskóla fer, einnig ég, og ég og ég, líka ég." Sjáumst! ☺

Orgeltónar í Svalbarðskirkju

Orgeltónar verða í Svalbarðskirkju fimmtudaginn 3. mars kl. 20.00. Petra Björk Pálsdóttir organisti leikur ljúfa tóna á orgelið. Orð og bæn og kertaljós. Góð íhugunarstund. Verið velkomin!

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír og eldhúsrúllur: 48 WC-rúllur kosta 7.000 kr., 24 WC-rúllur kosta 3.500 kr. og 15 eldhúsrúllur 3.800 kr. Til að panta pappír má hafa samband við Jónu Valdísi í síma 848-7214 eða í tölvupósti á netfangið jonav@internet.is.

Litið um öxl

Þessi auglýsing birtist í Norðurlandi í október 1907.

Bátur

*nokkuð brotinn fánst í águstmánuði vestur af
Hrísey af skipinu Heklu af Svalbarðseyri.*

Eigandi bátsins gefi sig fram við undirritaðan.

Þórustöðum á Svalbarðsströnd.

Árni Guðmundsson.

Norðurland, 7. tbl. (03.10.1907), bls. 27

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2287456

Ströndungur kemur næst út þriðjudaginn 15. mars.